

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105Reykjavík

Reykjavík, 11. maí 2020
UST202004-297/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Örlygshafnarvegur um Látravík - Vesturbyggð

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 29. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða nýlagninu 1,75 km kafla á Örlygshafnarvegi ofan við frístundabyggðina á Hvallátrum.


Fram kemur í greinargerð að veglínunni hefur verið breytt frá þeirri sem sett var fram í deiliskipulagi frá árinu 2014 til að draga úr neikvæðum áhrifum á votlendi.


Talið er að framkvæmdin muni hafa jákvæð áhrif á kríuvarp á Hvallátrum bæði vegna minni umferðar um byggðina og þess að ráðgert er að loka núverandi vegi norðan nýrra gatnamóta. Talið er að framkvæmdin gæti mögulega heft neikvæð áhrif á ritur sem verpa í Látrabjargi og sækja í Látravatn. Í álitni Náttúrufræðistofnunar Íslands kemur fram að áhrif framkvæmdarinnar á gróðurfar verði óveruleg en bent er á að forðast röskun tjarnar við Ytri-Fit og jafnframt að forðast framkvæmdir á varptíma (maí-júlí).

Umhverfisstofnun tekur undir ábendingar Náttúrufræðistofnunar Íslands en bendir enn fremur á að þar sem efnistaka vegna framkvæmdarinnar verður eingöngu úr skeringum á löngum kafla ætti að hanna frágang skeringanna sérstaklega og leggja áherslu á að mótun skeringa og aðlögun þeirra að næsta umhverfi fari fram samhliða efnistöknunni ef þess er nokkur kostur.

Hér er um að ræða stuttan vegkafla að ræða á svæði sem þegar hefur verið raskað. Hins vegar ætti að líta til þess að mannvirki eru þarna fremur smágerð og ætti að reyna að draga eins og kostur er úr sjónrænum áhrifum vegarins. Ekki er talið að framkvæmdin muni hafa neikvæð áhrif á gróðurfar, jákvæð áhrif á kríuvarp en gæti haft neikvæð áhrif á ritur. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér. Greinargerðin er góð.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Sverrir Aðalsteinn Jónsson
Teymisstjóri